

Nd.

374. Frumvarp

til laga um iðnaðarnám.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Þegar handiðnamenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sje í öllum greinum saminn samkvæmt fyrirætlum laga þessara. Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur. Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun stjórnarráðsins, hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Óheimilt er þeim, sem nú skal greina, að taka menn til kenslu:

1. Iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um einhvern þann verkn-

- að, er svívirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn æru sinnar;
2. þeim, sem tvisvar hafa orðið að hætta iðn sinni og á þann hátt orðið valdir að því, að námssamningi hafi verið slitið;
 3. þeim, sem tvisvar hefir rofið námssamning eða tvisvar hefir brotið gegn ákvæðum í þessum lögum, svo og þeim, sem einu sinni hefir rofið náms-samning og einu sinni brotið gegn lögum þessum.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langur kenslutíminn skuli vera. Skal kenslutímabilið í hverri iðn fyrir sig ákveðast af sveinafjelagi viðkomandi iðn-ar, ef það er til í landinu. Nú er ekkert sveinafjelag til í iðninni, og skal þá lögreglustjórinn í Reykjavík boða til almenns sveinafundar fyrir Reykjavík í iðninni. Fundinn skal boða með auglýsingu í öllum dagblöðum bæjarins og með eigi minna en viku fyrirvara. Skyldir eru sveinarnir að mæta á slíkum fundum, nema lögleg forföll hamli því. Nú mætir einhver sveinn í iðninni ekki og getur ekki sannað lögleg forföll. Skal hann þá sæta sektum, eigi undir 50 kr. Fundurinn skal tilnefna 5 sveina í iðninni til þess að ákveða kenslu-tímabilið fyrir þá iðn. Ákvæðin um kenslutímabilið öðlast þegar gildi, er stjórn-arráðið hefir staðfest þau. Allan kostnað af slíkum fundum greiðir ríkissjóður.

4. gr.

Hver sá, sem annan tekur til að kenna honum iðn sína, er skyldur að láta honum í tje húsnæði, ljós, hita, fæði, klæði, skófatnað, þjónustu og allan aðbúnað á meðan á námstímanum stendur. Þó má lærimeistarinn í þess stað greiða nemandanum andvirði þess í peningum, miðað við meðalverð á hverjum stað og tíma. Sje nemanda greitt í peningum, skal greiðsla fara fram í lok hvers mánaðar.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kenslutímanum ber að skoða sem reynslu-tíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orð-inn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Þegar svo er, á hvorugur heimting á skaðabótum frá hinum.

6. gr.

Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmensku og hlýðni við öll þau verk, er snerta iðn þá, sem hann er að nema. Hann skal fylgja læri-meistararnum að vinnu hans eftir því, sem vinnukraftar hans og kunnátta leyfa.

7. gr.

Sje handiðnanemi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 8 stundum á dag. Kenslustundir í iðnaðarskólum teljast vinnustundir. Frá kl. 6 að kvöldi til kl. 6 að morgni má ekki fá handiðnanemendum neina aðra vinnu en kenslustundir í iðnaðarskólum, er þeir sækja.

8. gr.

Nemandi skal hafa fullkomið fri einn dag í viku og auk þess alla aðra almenna frídaga, sem og 1. maí allan daginn. Ennfremur er lærimeistari skyldur að gefa nemanda minst 10 daga sumarfri á tímabilinu frá 1. júní til 15. september, eftir samkomulagi við nemanda, og heldur nemandi fullu kaupí sínu fyrir þann tíma, er friið stendur.

9. gr.

Lærimeistari má ekki fá nemanda neina vinnu, sem honum er um megn eða sem skaðleg er fyrir heilsu hans. Eigi má hann heldur setja nemandann til annarar vinnu en þeirrar, sem tilheyrir iðn hans. Hann skal kenna nemandanum iðnina svo vel sem unt er, sjá um, að nemandinn að afloknu námi hafi náð leikni í að nota öll verkfæri, sem að iðninni lúta, og að hann kunni öll verk, sem fyrir geta komið í iðninni, svo vel, að hann geti talist fullkominn sveinn. Þá er lærimeistari skyldur að láta nemandann ganga í iðnaðarskóla, sje slíkur skóli til á staðnum, en ella sjá honum fyrir kenslu í öllum þeim greinum, sem kendar eru lærisveinum sömu iðnar við Iðnskóla Reykjavíkur, og sje sú kensla ekki að neinu leyti lakari en kenslan í tjeðum skóla. Allan kostnað af slíkri kenslu skal lærimeistari greiða.

Geti lærimeistari ekki uppfyllt þessi skilyrði, er honum óheimilt að taka nemendur.

10. gr.

Þegar kenslutíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmið, eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann er fullnuma í iðn sinni. Ef lærisveinum viðkomandi iðnar er kend iðnteikning í Iðnskóla Reykjavíkur, skal nemandinn fyrst gera teikning af prófsmiðinni. Prófdómendurnir ákveða, hver prófsmiðin skuli vera. Nú taka prófdómendur teikninguna eigi gilda, og getur nemandi þá ekki fengið að leysa af hendi prófsmiðina. Sá, sem fellur á slíku prófi, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyr en að 3 mánuðum liðnum. Standist nemandi prófið, á hann heimting á prófskírteini, er sje undirskrifað af lærimeistara hans og prófdómendum. Standist nemandi eigi prófið fyrir þá sök, að lærimeistari hefir ekki látið sjer nægilega ant um kensluna, skal lærimeistari greiða honum fult kaup ófaglærðs verkamanns fyrir allan þann tíma, er nemandi hefir unnið hjá honum. Frá upphæðinni skal draga það, er lærimeistari hefir látið nemanda í tje samkvæmt 4. gr. Auk þess getur nemandi krafist skaðabóta, sem þá fari eftir álití gerðardóms (sbr. 24. gr.).

Þrír samiðnarmenn skulu vera prófdómendur. Einn þeirra tilnefnir lögreglustjóri á þeim stað, er prófið er tekið, en hina tvo sveinafjelag viðkomandi iðnar, sje slíkt fjelag til á staðnum eða í landsfjórðungnum. Nú er ekkert sveinafjelag til, hvorki á staðnum, þar sem prófið er tekið, nje í landsfjórðungnum. Skal þá bæjarfógetinn á Seyðisfirði fyrir Austfirðingafjórðung, bæjarfógetinn á Akureyri fyrir Norðlendingafjórðung, bæjarfógetinn á Ísafirði fyrir Vestfirðingafjórðung, en lögreglustjórinn í Reykjavík fyrir Sunnlendingafjórð-

ung boða til almenns sveinafundar í iðninni, hver fyrir sinn landsfjórðung. Fundurinn skal boðaður með auglýsingu í öllum dagblöðum og vikublöðum, sem út koma í viðkomandi landsfjórðungi, og með nægum fyrirvara. Að öðru leyti skulu um boðun funda þessara, kostnað af þeim og refsing fyrir að mæta ekki á þeim gilda sömu ákvæði og tiltekin eru í 3. gr. Fundur þessi skal kjósa 5 sveina í iðninni, er síðan tilnefna tvo prófdómendur.

11. gr.

Nú sýkist nemandi, og er lærimeistari þá skyldur að sjá honum fyrir hjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó ekki lengur en 6 mánuði. Sje sjúkdómurinn að lækna álitni ólæknandi, eða telji þeir heilsutjónið að minsta kosti munu verða langvint, og eigi iðnin eða lærimeistari enga sök á því, getur lærimeistari sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara, og þarf hann þá ekki að þeim tíma liðnum að annast hjúkrun eða lækning hins sjúka.

12. gr.

Nú sýkist nemandi eða slasast, og er bersýnilega ótilhlýðilegri breytni hans sjálfs um að kenna. Getur lærimeistari þá slitið samningnum og þarf ekki að kosta hjúkrun eða lækning hins sjúka.

13. gr.

Ef nemandi sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni lærimeistara hans, hvort heldur af því, að hann hefir skipað nemanda þau verk, er hann mátti sjá, að honum væru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sjerstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er lærimeistara verður gefin sök á, þá skal hann kosta hjúkrun og lækning nemanda að öllu leyti, og auk þess greiða nemanda að fullu alt það tjón, er sjúkleikinn kann að hafa bakað honum. Ennfremur sæti lærimeistari þeirri refsingu, sem kann að liggja við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

14. gr.

Ákvæðin í 11.—13. gr. ná til allra iðnnema, hvort sem þeir búa hjá lærimeistara eða ekki.

15. gr.

Nú hefir nemandi að ástæðulausu yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aftur til lærimeistarans, ef lærimeistarinn beiðist þess af lögreglustjóra áður en 2 vikur eru liðnar frá því nemandinn fór frá honum. Vilji nemandinn, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd, höfða mál til þess að fá samningnum slitið eður og leggja það í gerð, skal það gert innan sömu 2 vikna. Sje mál höfðað eða í gerð lagt áður en frestur þessi er út runninn, má lögreglustjóri ekki flytja nemanda aftur til meistarans fyr en dómur er fallinn eða úrskurður feldur af gerðardómi.

16. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er lærimeistari eða nemandi deyr;
2. þá er nemandi hefir hlaupið brott frá náminu og lærimeistari hefir ekki gert þær ráðstafanir til þess að fá hann aftur til námsins, sem tilteknar eru í 15. gr., innan þess tíma, sem í þeirri grein er ákveðinn.

17. gr.

Lærimeistari getur slitið námssamningnum:

1. Fyrir sjúkleikasakir samkvæmt því, er segir í 11. og 12. gr.;
2. ef nemandi gerir sig sekan í broti á skyldum þeim, sem á honum hvila samkvæmt námssamningnum;
3. ef nemandi er með dómi gerður sekur um brot, sem er svivirðilegt að almennings álit.

18. gr.

Nemandi, foreldrar hans eða fjárráðamaður fyrir hans hönd getur slitið námssamningnum:

1. Ef lærimeistari gerir sig sekan í broti á skyldum, sem á honum hvila samkvæmt námssamningnum;
2. ef lærimeistari skiftir um bústað eða vinnustað, þannig, að breytingin hefir það í för með sjer, að nemandi þarf að fara óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;
3. ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón annars manns í hans stað, er fullnuma sje í iðninni og uppfylli að öðru leyti þau skilyrði, sem sett eru fyrir meistara (sbr. 2. gr.);
4. ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, sem um var samið og hann þá var hæfur til, eða ef það að álit læknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema iðnina;
5. ef námsstúlka giftist.

19. gr.

Nú hættir lærimeistari að reka iðn sína annaðhvort sökum þess, að hann verður gjaldþrota eða annara orsaka vegna, eða hann er með dómi sekur orðinn um afbrot, sem svivirðilegt er að almennings álit. Skal lærimeistari þá skyldur að greiða nemanda fult kaup ófaglærðs verkamanns fyrir allan þann tíma, er nemandinn hefir unnið hjá honum. Frá upphæðinni skal draga það, sem lærimeistari hefir látið nemanda í tje samkvæmt 4. gr.

20. gr.

Ef lærimeistari misþyrmir nemanda eða leggur höndur á hann, skal hann sæta þeirri refsingu, sem ákveðin er í lögum fyrir samskonar afbrot, er aðrir eiga í hlut. Ennfremur getur nemandi þá slitið námssamningnum, og á hann þá heimting á sömu skaðabótum og um getur í 19. gr.

21. gr.

Til tryggingar því, að nemandi verði ekki fyrir tjóni sökum gjaldþrots lærimeistara, skal lærimeistari í byrjun námstímans leggja fram fullgilt veð, er nemandi getur gengið að, ef lærimeistari sökum gjaldþrots hættir að reka iðn sína. Á veði þessu mega engar aðrar kvaðir hvíla.

22. gr.

Auk þess, er segir í 17.—20. gr., er báðum aðiljum heimilt að slíta náms-samningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, sem fyrir það verða ákveðnar.

23. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kenslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

24. gr.

Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemanda um þau atriði, er um ræðir í 10., 11., 12., 13., 17. gr. 2. tölul., 18. gr. 1., 2., 4. tölul., 20. gr. og 22. gr. laga þessara. Skulu þau mál koma í gerð, nema málsaðiljar komi sjer saman um annað. Í gerðardómi skulu sitja 5 menn; tilnefnir hvor málsaðili 2, en sveinafjélag viðkomandi iðnar, sje það til, en ella 5 manna nefnd, er sveinar í iðninni kjósa úr sínum hóp, tilnefnir einn, og er hann oddviti. Oddviti er kosinn til 3 ára í senn, og skal hann vera sveinn, en verði hann meistari á kjörtímabilinu eða hætti hann að stunda iðnina, skal kjósa annan mann í hans stað. Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita, sem síðan ákveður gerðarfund og kveður báða málsaðilja til að mæta á þeim fundi ásamt gerðarmönnum þeirra. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðiljar eru algerlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó ekki oftar en einu sinni og ekki lengur en 8 daga, enda hafi einhver gerðarmanna tjáð honum lögleg forföll, eða oddvita þykir nauðsyn til bera, til þess að löglegur úrskurður verði á lagður. Nú kemur einhver gerðarmanna ekki og hefir ekki tjáð lögleg forföll, og er þá oddvita heimilt að láta flytja hann til dómsins með aðstoð lögreglustjóra, enda verður ekki lagður fullnaðarúrskurður á málið nema allir gerðarmenn sjeu mættir.

25. gr.

Lærimeistari sá, sem brýtur gegn reglunum í 1., 2., 4., 7.—11., 21. eða 22. gr., skal sæta sektum, frá 50—2000 kr., er renna í fátækra sjóð á þeim stað, sem brotið er framið. Nú brýtur nemandi gegn skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt 6. gr., eður og hverfur ástæðulaust frá náminu, og skal hann þá, eða foreldrar hans eða fjárráðamaður, greiða lærimeistara skaðabætur samkvæmt úrskurði gerðardóms. Skal gerðardómurinn miða skaðabæturnar við tap það, sem lærimeistari verður fyrir við samningsrof eða brottþlaup nemandans.

26. gr.

Mál út at brotum gegn ákvæðunum í 1., 2., 4., 7.—11., 21. og 22. gr. skulu höfðuð af hinu opinbera og eru almenn lögreglumál. Mál milli læri-meistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki beggja málsaðilja getur dómariinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, sem tjón hefir beðið.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 16. sept. 1893 um iðnaðarnám og ákvæði þau í lögum nr. 44, 10. nóv. 1905, er snerta iðnnema.

28 gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlast gildi.

29 gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa verið staðfest af konungi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta mun samið að tilhlutun stjórnmalafjelags hjer í bænum; hafa tveir stúdentar, og er annar þeirra jafnframt iðnaðarmaður, að mestu eða öllu leyti unnið að samningu þess. Frumvarpinu fylgdu svolátandi athugasemdir:

»Oss, sem samið höfum frv. þetta, þykir hlýða að láta nokkrar skýringar fylgja því úr föðurgarði. Flestir þeir, sem einhverntíma hafa verið iðnnemar, munu hafa fundið til þess, að þeir hafa stundum borið skarðan hlut frá borði í viðskiftum við meistarann og að rjetturinn var oftast meistaramegin. Núgildandi lög um þetta efni eru í flestu úreilt og víða í þeim bregður fyrir eldri hugsunarhætti en gera mætti ráð fyrir, ekki eldri en þau eru. Enda þótt þau sjeu aðeins 33 ára gömul, bera þau greinilega á sjer merki löngu liðins tíma og ástands, sem aldrei var til í þessu landi. Iðngildi miðaldanna hafa aldrei verið til hjer, en þrátt fyrir það hafa íslenskir löggjafar fyrir 33 árum síðan augsýnilega verið gagnsýrðir af venjum þeim og reglum, sem gildin höfðu skapað í öðrum löndum.

Þá er og margt annað í núgildandi lögum, sem nú verður að teljast óhæft, auk þess, sem lærimeisturum eru alstaðar opnar leiðir til þess að ganga á rjett nemanda og skjóta sjer undan því, sem virðist vera andi laganna, því þótt ráða megi í meininguna, er víða svo orðum hagað, að auðvelt er að brjóta án þess, að haft verði á. Ennfremur eru aðstæður nú svo mjög breyttar frá því, sem var þegar lögin voru samin, að þó þau þá hefðu verið í alla staði löguð eftir þáverandi ástandi, þá mundi eigi að síður nú bera full nauð-

syn til, að þeim væri breytt og komið i betra samræmi við núlmann og kröfur hans á þessu sviði.

Vjer efumst ekki um, að í frv. þessu er víða alt of skamt gengið til þess að tryggja rjett og hagsmuni nemenda, sjerstaklega að því er snertir vinnutíma og bóklega fræðslu, þó hins vegar fari frumvarp þetta fram á breytingar i rjetta átt.

Munum vjer svo ekki dvelja lengur við frumvarpið i heild, en athuga hverja grein fyrir sig nokkru nánar.

Við 1. gr.

Á þessari grein hafa engar verulegar breytingar verið gerðar. Þó er aldursákvæðið felt niður, og nær frv. því til iðnnema á öllum aldri.

Við 2. gr.

Hjer eru gerðar strangari kröfur til þeirra, sem taka menn til kenslu, en gert er i núgildandi lögum. Tilgangur þessarar greinar er að tryggja iðnnema gegn samningsrofum og þeim skaða eða óþægindum, sem leiða af samningssslitum af öðrum ástæðum, en þeim tilgangi verður ekki náð með vægari kröfum.

Við 3. gr.

Þessari grein hefir þótt nauðsynlegt að breyta með öllu. Nemandi verður að hafa trygging fyrir því, að kenslutíminn sje hæfilegur, og skal hann ákveðinn af trúnaðarmönnum viðkomandi iðnar. Nú á dögum eru iðnirnar orðnar svo margvislegar, að nauðsynlegt þykir, að kenslutíminn sje ákveðinn af mönnum með sjerþekking. Fyrst og fremst verður kenslutíminn að vera nægilega langur til þess að nemandinn læri iðnina til fulls. Einnig verður að tryggja, að kenslutíminn sje ekki ákveðinn lengri en hæfilegt er, svo að lærimeistari njóti ekki vinnu nemandans eftir að hann er orðinn fullnuma, án þess að fult endurgjald komi fyrir.

Við 4. gr.

Hjer er það gert að skyldu, sem i núgildandi lögum er samningsatriði.

Við 5. gr.

Grein þessi er að mestu óbreytt, en aldurstakmarkið fært niður um 2 ár, þannig að nemandi getur slitið samningi, er reynslutíminn er á enda, ef hann er orðinn 16 ára.

Við 6. gr.

Hjer er skýrt tekið fram, að skyldur nemanda við lærimeistara eru takmarkaðar við iðn þá, er hann nemur. Samkvæmt núgildandi lögum hefir lærimeistari ótakmarkað vald yfir nemanda, einnig að því er snertir hluti, sem óviðkomandi eru iðn hans. I þessu felst beinlinis miðaldahugsunarháttur, og er það auðsætt, að slik lagaákvæði eru óviðunandi nú á dögum (sbr. gildareglur miðaldanna).

Við 7. gr.

Hjer er hinn óhæfilega langi vinnutími, sem heimilaður er í núgildandi lögum, stytur að miklum mun og engin undantekning leyfð. Í raun og veru er hjer þó alt of stutt gengið, með tilliti til þess, að almenningur hefir enn þá ekki gert sjer fulla grein fyrir skaðræði hins langa vinnutíma. Í flestum síðuðum löndum er vinnutími fyrir fullorðna nú lögboðinn 8 stundir á dag, og þykir full og visindalega staðfest reynsla vera fengin fyrir því, að lengri vinnutími borgi sig ekki fyrir atvinnurekendur. Í Rússlandi er vinnutími iðnnema frá 14 til 16 ára aldurs aðeins 4 stundir á dag, en frá 16 til 18 ára 6 stundir. Að vinnutíminn sje ekki lengri en gert er ráð fyrir í frv. þessu, er beinlinis nauðsynlegt frá almennu sjónarmiði, ef full trygging á að vera fyrir því, að iðnaðarmenn vorir fái sæmilega mentun. Það er kunnugra en um þurfi að ræða, að hin bóklega mentun, sem iðnnemar eiga nú kost á í iðnskóla, verður að sáralitlum notum, vegna þess að nemendur hafa enga fristund til að hagnýta sjer hana. Svo búið má ekki lengur standa, og ætti þetta engan veginn að vera áhuga- og hagsmunamál iðnnema einna, heldur og allar þjóðarinnar.

Við 8. gr.

Nemandi skal hafa fri 1. maí, þar sem sá dagur er nú orðinn almennur hátíðisdagur vinnandi manna hjer á landi. Nauðsynlegt þykir að tryggja nemanda eitthvert sumarfrí, þótt frv. geri ráð fyrir því allra stysta, sem að gagni má verða. Fri þetta er svo sjálfsagt, að ekki þarf að rökstyðja það nánar, enda getur það verið beinlinis nauðsynlegt fyrir heilsu og starfsþol unglingsins. Nú þegar hafa flestir fastir starfsmenn sumarfrí, þó ekki sje það ákveðið í lögum.

Við 9. gr.

Þessari grein er allmikið breytt. Felt er niður ákvæði núgildandi laga um, að lærimeistari skuli »vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann«, þar sem »hegðun« og »siðspillandi áhrif« eru alltvíræð hugtök og skoðanir á þeim efnum hljóta að fara mjög eftir þjóðfjelslegri og pólitískri afstöðu þeirra, er hlut eiga að máli. Einnig er felt burtu ákvæðið um húsagann, sem sjálfsagt er, þar sem slíkt ákvæði er ekki annað en leifar af gildareglum miðaldanna og brýtur í bág við hugsunarhátt og rjettarmeðvitund nútímans.

Í núgildandi lögum eru engin ákvæði um skyldur lærimeistara til að sjá nemanda fyrir kenslu, ef enginn iðnskóli er til á staðnum. Í frumvarpi þessu er ráðin bót á því.

Við 10. gr.

Á henni hafa litlar breytingar verið gerðar. Þó er samkvæmt þessari grein frv. að fullu trygt það, sem æskilegt þykir í núgildandi lögum, að allir prófdómendur sjeu samiðnarmenn þess, sem gengur undir prófið. Auk þess er hjer nánar ákveðið um þær skaðabætur, sem lærimeistari skal láta nemanda í tje, ef hann hefir ekki látið sjer nægilega ant um kensluna.

Við 11. gr.

11. gr. nógildandi laga er að vissu leyti skift í 4 greinar í frv. þessu, enda ekki vísað í önnur lög. Greinar þessar verða 11., 12., 13., 14. gr. Lærimeistararnum er gert að skyldu að kosta lækning nemanda, hvort sem hann býr hjá honum eða ekki, sje sjúkleikinn ekki ólæknandi eða langvinnur að dómi lækna. Hjer er því um allmikla og sjálfsagða rjettarbót að ræða fyrir nemendur. Fæstir iðnnemar búa nú hjá meistara sínum, og eru ákvæði 11. gr. í nógildandi lögum því gagnslaus fyrir allan þorra þeirra.

Við 12. gr.

Sbr. 16. gr. laga nr. 44, 10. nóv. 1905.

Við 13. gr.

Sbr. 17. gr. laga nr. 44, 10. nóv. 1905. Hjer er nemanda ennfremur trygð full uppbót á tjóni því, sem sjúkleikinn hefir bakað honum.

Við 14. gr.

Sjá greinargerð við 11. gr.

Við 15. gr.

Þessi grein samsvarar 13. gr. nógildandi laga. Hjer er skýrt tekið fram það, sem virðist vera meining nógildandi laga, að nemanda megi ekki flytja til lærimeistara, ef mál stendur fyrir milli þeirra til þess að fá samningi slítið, fyr en málið er til lykta leitt, og nemanda settur ákveðinn frestur til málshöfðunar. Hefir þetta þótt nauðsynlegt til þess að enginn misskilningur geti orðið um ákvæði laganna.

Við 16. gr.

Hún samsvarar 14. gr. nógildandi laga. Í nógildandi lögum er það tekið fram, að samningur sje ógildur, ef lærimeistari deyr, og þykir þá sjálf-sagt að taka einnig fram, að samningur sje einnig þá ógildur, er nemandi deyr. Um 2. og 3. atriði í 14. gr. nógildandi laga kemur sjerstök grein í frv. þessu, sem verður 19. gr.

Við 17. gr.

Grein þessi kemur í staðinn fyrir 15. gr. nógildandi laga og þarf ekki frekari skýringar við.

Við 18. gr.

Greinin samsvarar 16. gr. nógildandi laga. Orðið »verulega« er alstaðar felt burtu, til þess að ekki sje hægt að skjóta sjer undan lögnum með vífilengjum og hlutdrægum skilningi þess orðs. Um misþyrming á nemanda kemur sjerstök gr. í frv. þessu. Ekki þykir nauðsynlegt að heimila nemanda að slíta samningi, þó að lærimeistari flytji í annað sveitarfjelag, ef nemandi er til heimilis hjá honum, eins og gert er í nógildandi lögum. Enn er eitt ákvæði í 16. gr. nógildandi laga, um að nemandi geti slítið samningi »ef að námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara og kona hans deyr eða

hættir samvistum við hann«. Hjer nær miðaldahugsunarhátturinn hámarki sínu, og þarf varla að eyða orðum að því, að þetta er felt burtu.

Við 19. gr.

Þetta er nýtt ákvæði. Í núgildandi lögum hefir nemandi enga trygging gegn samningsslitum, sem stafa af þeim ástæðum, sem um ræðir í grein þessari. Með ákvæði þessu er svo ráð fyrir gert, að skaðabætur nemanda nemi nákvæmlega því tjóni, sem hann hefir orðið fyrir, eða með öðrum orðum, að hann fái fult endurgjald fyrir þann vinnukraft, sem hann hefir látið lærimeistara í tje, á meðan hann vann hjá honum. Ættu allir að geta verið sammála um, hversu sjálfsgat þetta ákvæði er.

Við 20. gr.

Þessi grein er ennfremur með öllu ný. Þar sem miðaldaákvæðið um húsagann er afnumið, er nauðsynlegt að taka það fram í frv., að afstaða lærimeistara til nemanda sje engin önnur en afstaða annara ríkisborgara hvers til annars.

Við 21. gr.

Þetta er enn nýtt ákvæði. Til þess að ákvæðið í 19. gr. geti verið nokkurs virði, verður auðvitað að tryggja það, að fje sje fyrir hendi til að greiða skaðabætur. Á meðan svo er ástatt, að iðnnemar eiga alt sitt undir atvinnu einstakra manna, eru engin önnur ráð til að tryggja það að fullu, að þeir verði ekki fyrir tjóni, sem leiðir af hinum ótrygga atvinnurekstri núverandi þjóðfjelags, dutlungum hinnar frjálsu samkepnri og af öðrum orsökum, sem eiga rót sína að rekja til skipulagsleysis atvinnulífsins. Grein þessi er því ekki annað en nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæðisins í 19. gr.

Við 22. gr.

Hún er samhljóða 17. gr. núgildandi laga.

Við 23. gr.

Þessi grein er samhljóða 12. gr. núgildandi laga.

Við 24. gr.

Greinin samsvarar 18. gr. núgildandi laga. Skipun gerðardómsins er algerlega breytt. Til þess að skera úr svo mikilvægum málum, sem heyra undir gerðardóm þennan, þykir gerðardómurinn ekki fullskipaður nema í honum sjeu 5 menn, og sjeu þeir allir mættir til þess að fullnaðarúrskurður verði lagður á nokkurt mál. Til þess að tryggja hlutleysi oddvita gerðardóms og þekking hans á þeim málum, sem hann hefir til meðferðar, er svo fyrir mælt, að hann skuli kosinn úr hópi iðnsveina.

Við 25. gr.

Þessi grein samsvarar 19. gr. núgildandi laga. Frv. gerir ráð fyrir því, að sektir þær, sem tiltekna eru í núgildandi lögum, skuli tífaldast, og mun

Það varla geta talist of mikið, þegar tekið er tillit til þess, hve mjög verðgildi peninganna í landinu hefir minkað frá því fyrir 33 árum síðan, að núgildandi lög voru samin. Auk þess teljum vjer sektirnar hafa verið alt of lágar frá upphafi. Sektirnar þurfa að vera svo háar, að það geti ekki undir neinum kringumstæðum borgað sig fyrir lærimeistara að brjóta þau ákvæði laganna, er sektum varða.

Við 26. gr.

Grein þessi kemur í staðinn fyrir 20. gr. núgildandi laga. Brot, sem farið verður með sem almenn lögreglumál, verða miklu fleiri samkvæmt frv. þessu en eftir núgildandi lögum, eins og annars frv. ber með sjer.

Við 27., 28. og 29. gr.

Þessar greinar þurfa ekki skýringar við.»